

Ed.

217. Frumvarp

til laga um breyting á ákvæðum l. 19. febr. 1886, að því er kemur til lýsinga
(birtingar) á undan borgaralegu hjónabandi.

Eins og það var samþykkt við eina umræðu í neðri deild.

Undanþágu frá hjúskapar-auglýsingu þeirri, sem 3. og 4. gr. l. 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn mæla fyrir um, má fá með konunglegu leyfisbréfi, og fer um gjald fyrir það eftir sömu reglum, sem nú eru eða settar kunna verða um slík leyfisbréf fyrir þjóðkirkju-hjónaefni (sbr. l. 22. sept. 1899).

Ósk brúðhjónaefna um, hvar og hvenær hjónavígsla skuli fram fara, skal valdsmaður taka til greina að svo miklu leyti, sem hentugleikar hans leyfa.